ENOR
Enor ehf. | s. 430 1800 | www.enor.is

Akureyrarbær

Endurskoðunarskýrsla 2019

Efnisyfirlit

	Bls.
Endurskoðun ársins 2019	*3*
Helstu niðurstöður endurskoðunar	*4*
Ársreikningur sveitarfélagsins	*5 - 8*
Reikningshaldslegt mat	*9 - 11*
Notkun reikningsskilaaðferða	*12*
Niðurstöður yfirferðar á innra eftirliti	*13*
Önnur mikilvæg atriði	*14*

Endurskoðun ársins 2019

Akureyri, 5. maí 2020

Bæjarstjórn Akureyrarbæjar

Við höfum lokið endurskoðun okkar á ársreikningi Akureyrarbæjar fyrir árið 2019. Markmið endurskoðunarinnar er að skila sveitarfélaginu og hagsmunaaðilum óháðu áliti á reikningsskilum sveitarfélagsins. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um hvort ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Í áliti okkar á ársreikning sveitarfélagsins segir: Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sveitarfélagsins á árinu 2019, efnahag þess 31. desember 2019 og breytingu á handbæru fé á árinu 2019, í samræmi við lög um ársreikninga og sveitarstjórnarlög.

Að endurskoðuninni komu eftirtaldir starfsmenn Enor:

Davíð Búi Halldórsson, löggiltur endurskoðandi
Níels Guðmundsson, löggiltur endurskoðandi
Hjörtur Bjarki Halldórsson, löggiltur endurskoðandi
Arnar Þór Arnarsson, lögfræðingur
Karen Björk Gunnarsdóttir, viðskiptafræðingur

Við þökkum stjórnendum og starfsfólki sveitarfélagsins alla þá aðstoð sem okkur var veitt. Ef upp vakna spurningar um endurskoðunina eða niðurstöður hennar þá hvetjum við stjórn eða stjórnendur til þess að hafa samband við okkur.

Virðingarfyllst,

Enor ehf.

Davíð Búi Halldórsson
löggiltur endurskoðandi

Níels Guðmundsson
löggiltur endurskoðandi

Tengiliðir hjá ENOR:

Davíð Búi Halldórsson
Löggiltur endurskoðandi

Netfang: david.bui@enor.is
Sími: 430 1810
Gsm: 851 1800

Níels Guðmundsson
Löggiltur endurskoðandi

Netfang: niels@enor.is
Sími: 430 1806
Gsm: 851 1806

Enor ehf.
Hafnarstræti 53
600 Akureyri
s. 430 1800

enor@enor.is | www.enor.is

Helstu niðurstöður

Hér á eftir eru settar fram helstu niðurstöður endurskoðunarinnar, ítarlegri umfjöllun um einstaka liði er á blaðsíðum 5 til 14 í skýrslunni.

Ársreikningur sveitarfélagsins

Ársreikningur Akureyrarbæjar hefur að geyma ársreikning fyrir A hluta starfsemi sveitarfélagsins og ársreikning fyrir A og B hluta.

Rekstrarniðurstaða A-hluta var jákvæð á árinu 2019 um kr. 57,2 millj. samanborið við kr. 628,9 millj. neikvæða afkomu skv. áætlun. Hagnaður varð á rekstri samstæðu sveitarfélagsins A og B hluta að fjárhæð kr. 463,5 millj. á árinu 2019 samanborið við kr. 86,1 millj. neikvæða afkomu skv. fjárhagsáætlun. Afkoma samstæðunnar var því kr. 546,9 millj. betri en áætlun gerði ráð fyrir.

Stærstu frávik frá áætlun á árinu liggja í fjármagnsliðum sem voru neikvæðir hjá A og B hluta um kr. 1.151 millj. á árinu 2019 sem er um kr. 469 millj. undir áætlun. Verðbólga á árinu 2019 var nokkuð lægri en gert hafði verið ráð fyrir í áætlun auk þess sem fjárhagsáætlun ársins var varfærin gagnvart bæði vaxtatekjum og gjöldum.

Afskriftir A og B hluta hækka um kr. 322 millj. milli ára. Eignir Norðurorku voru endurmetnar í árslok 2018 sem að skýrir að stórum hluta hækkunina en auk þess hafa verið verulegar fjárfestingar bæði hjá Norðurorku og sveitarfélaginu síðustu ár.

Varanlegir rekstrarfjármunir A og B hluta hækka um kr. 3.089 millj. milli ára og nema samtals kr. 48.169 millj. í árslok 2019. Heildarfjárfesting samstæðunnar á árinu nam kr. 3.673 millj. en afskriftir námu kr. 1.818 millj. Fjárfestingar hjá Norðurorku í veitukerfum og öðrum eignum námu samtals kr. 2.177 millj. á árinu 2019. Lóðir og lendur sveitarfélagsins voru endurmetnar á árinu byggt á hækkun lóðaleigutekna og nam endurmatshækkun þeirra kr. 1.176 millj.

Skuldir við lánastofnanir hækka um kr. 655 millj. milli ára ef teknar eru með næsta árs afborganir langtímaskulda. Á árinu 2019 voru tekin ný langtímalán að fjárhæð kr. 786 millj. hjá samstæðunni (lántaka Norðurorku).

Skuldahlutfall samstæðu sveitarfélagsins sem reiknað er í samræmi við reglur um fjárhagsleg viðmið sveitarfélaga var 73% í árslok 2019 (75% í ársbyrjun).

Reikningshaldslegt mat

Við teljum að mat óinnheimtra skatttekna og annarra viðskiptakrafna í árslok 2019 sé í samræmi við reikningsskilareglur og matsaðferðir í fyrri uppgjörum.

Við teljum að eignarhlutir sveitarfélagsins séu hæfilega metnir í árslok 2019.

Reikningshaldslegt mat - lífeyrisskuldbindingar

Við höfum farið yfir flokkun, framsetningu og upplýsingar í skýringum í ársreikningi sveitarfélagsins varðandi lífeyrisskuldbindingar, og er það mat okkar að þar séu veittar viðeigandi upplýsingar í tengslum við lífeyrisskuldbindingar sveitarfélagsins.

Notkun reikningsskilaaðferða

Ársreikningaskrá gaf í mars út yfirlýsingu á vef sínum þar sem mælst er til þess að félög fjalli sérstaklega um áhrif af Covid-19 á afkomu og stöðu viðkomandi félaga í skýrslu stjórnar. Í samræmi við það er settur fram texti um þessi mál í skýrslu stjórnar í ársreikningi sveitarfélagsins. Erfitt er að setja fram tölulegar upplýsingar eða áætlanir um möguleg áhrif faraldursins á fjárhag sveitarfélagsins.

Það er mat okkar að sveitarfélagið noti reikningsskilaaðferðir sem eru í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Við höfum yfirfarið reikningsskilin með tilliti til laga um ársreikninga og settra reikningsskilareglna. Engin veruleg frávik komu fram við þá yfirferð.

Niðurstöður yfirferðar á innra eftirliti

Miðað við eðli og umfang starfseminnar teljum við að eftirlitsumhverfi sveitarfélagsins og áhættumat sé í eðlilegum farvegi. Engin sérstök frávik eða veikleikar á innra eftirliti komu fram við yfirferð okkar vegna ársins 2019. Áherslan hjá okkur í endurskoðun ársins 2019 var á lykileftirlitsþætti í kostnaðarferlum.

Ársreikningur sveitarfélagsins

Rekstrarreikningur (fjárh. í þús.)

	Sveitarsjóður A hluti			Samantekið A og B hluti		
	2019	Áætlun	2018	2019	Áætlun	2018
Rekstrartekjur						
Skatttekjur	12.350.816	12.244.000	11.618.461	12.258.575	12.149.836	11.535.034
Framlög jöfnunarsjóðs	3.712.028	3.621.378	3.427.947	3.712.028	3.621.378	3.427.947
Aðrar tekjur	4.298.279	3.935.877	3.980.662	11.208.209	10.518.181	10.643.122
	20.361.123	19.801.255	19.027.070	27.178.812	26.289.395	25.606.103
Rekstrargjöld						
Laun og launatengd gjöld	11.847.139	11.865.416	11.075.013	15.114.007	15.036.669	14.081.595
Hækkun lífeyrisskuldbindinga	342.986	371.179	978.386	361.182	383.179	1.024.247
Annar rekstrarkostnaður	6.617.468	6.251.684	5.926.970	8.266.187	7.483.789	7.385.294
Afskriftir	928.106	954.189	868.615	1.818.321	1.783.146	1.496.466
	19.735.699	19.442.468	18.848.984	25.559.697	24.686.783	23.987.602
Rekstrarniðurst. fyrir fjárm. liði	625.425	358.787	178.085	1.619.115	1.602.612	1.618.501
Fjármagnsliðir	(568.213)	(987.716)	(561.908)	(1.151.001)	(1.619.514)	(1.192.414)
Tekjuskattur	0	0	0	(30.002)	(69.243)	(68.144)
Áhrif hlutdeildarfélaga	0	0	0	25.342	0	19.494
Rekstrarniðurstaða ársins	**57.212**	**(628.929)**	**(383.822)**	**463.454**	**(86.145)**	**377.437**
Kostnaðarliðir í hlutfalli af tekjum:						
Laun og launatengd gjöld	58%	60%	58%	56%	57%	55%
Hækkun lífeyrisskuldbindinga	2%	2%	5%	1%	1%	4%
Annar rekstrarkostnaður	33%	32%	31%	30%	28%	29%
Stærðir í rekstri pr. íbúa:						
Skatttekjur og jöfnunarsjóður	844	834	795	839	829	791
Aðrar tekjur	226	207	210	589	553	563
Laun og launatengd gjöld	623	624	585	794	790	744
Annar rekstrarkostnaður	348	329	313	434	393	390
Fjármagnsliðir	(30)	(52)	(30)	(60)	(85)	(63)

Rekstrartekjur

Rekstrartekjur A og B hluta námu kr. 27.179 millj. á árinu 2019 og hækka um kr. 1.573 millj. milli ára eða um 6,1%. Tekjur samstæðunnar eru 3,4% umfram áætlun ársins 2019.

Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld A og B hluta námu kr. 15.114 millj. á árinu 2019 og hækka um kr. 1.032 millj. eða 7,3%. Launakostnaður er heilt yfir nokkuð vel í takt við áætlun en frávik frá áætlun er aðeins 0,5% hjá samstæðunni. Fjöldi meðalstöðugilda hækkar um 2,3% og voru 1.599 á árinu 2019 en 1.563 árið áður.

Lífeyrisskuldbindingar

Hækkun lífeyrisskuldbindinga í A hlutanum nam kr. 343 millj. á árinu 2019 en samanlögð hækkun A og B hluta var kr. 361 millj. Góð ávöxtun var á eignir LSA á árinu 2019 sem að vegur á móti hækkun á skuldbindingum sjóðsins.

Afskriftir

Afskriftir A og B hluta hækka um kr. 322 millj. milli ára. Eignir Norðurorku voru endurmetnar í árslok 2018 sem að skýrir að stórum hluta hækkunina en auk þess hafa verið verulegar fjárfestingar bæði hjá Norðurorku og sveitarfélaginu síðustu ár.

Fjármagnsliðir

Fjármagnsliðir hjá A og B hluta voru neikvæðir um kr. 1.151 millj. á árinu 2019 sem er um kr. 469 millj. undir áætlun. Verðbólga á árinu 2019 var nokkuð lægri en gert hafði verið ráð fyrir í áætlun auk þess sem fjárhagsáætlun ársins var einnig varfærin gagnvart bæði vaxtatekjum og gjöldum.

Ársreikningur sveitarfélagsins

Afkoma og samanburður við áætlun

Rekstrarniðurstaða A-hluta var jákvæð á árinu 2019 um kr. 57,2 millj. samanborið við kr. 628,9 millj. neikvæða afkomu skv. áætlun. Hagnaður varð á rekstri samstæðu sveitarfélagsins A og B hluta að fjárhæð kr. 463,5 millj. á árinu 2019 samanborið við kr. 89,1 millj. neikvæða afkomu skv. fjárhagsáætlun. Afkoma samstæðunnar var því kr. 549,6 millj. betri en áætlun gerði ráð fyrir.

Félagsþjónustan og Fræðslumálin sem eru tveir stærstu útgjaldaflokkarnir eru mjög í takt við áætlun. Helstu frávik frá fjárhagsáætlun má sjá í töflunni hér til hliðar en helstu skýringar á þeim eru:

- Skatttekjur - auknar útsvarstekjur og aukin framlög frá jöfnunarsjóði sveitarfélaga.
- Æskulýðs og íþróttamál - rekstur Hlíðarfjalls er kr. 89,2 millj. yfir áætlun en á móti kemur að launakostnaður við rekstur íþróttahúsa og sundlauga er heilt yfir undir áætlun og tekjur Sundlaugar Akureyrar einnig yfir áætlun.
- Samgöngumál - kostnaður vegna snjómoksturs er verulega yfir áætlun.
- Sameignlegur kostnaður – reksturinn undir áætlun sem skiptist á nokkra liði, en launahækkanir, gjaldfærsla á áföllnu orlofi, sérfræðiþjónusta og tölvukostnaður eru allt liðir sem voru undir áætlun.
- Óreglulegir liðir – Akureyrarbær seldi til Norðurorku jörðina Reyki í Fnjóskadal og var söluhagnaður kr. 83 millj. en söluhagnaðurinn er færður út úr samstæðunni í millifærslum milli A og B hluta.
- Fjármagnsliðir – verðbólga varð lægri en gert hafði verið ráð fyrir í áætlun og svo var áætlun á vaxtatekjum og vaxtagjöldum mjög varfærin sem að skýrir bæði frávik á fjármunatekjum (fjármagnsgjöldum) í aðalsjóði og einnig mikið frávik í rekstri Fasteigna Akureyrarbæjar.
- Hafnasamlag Norðurlands – launakostnaður og ýmsir kostnaðarliðir yfir áætlun en nokkrar breytingar hafa orðið á rekstrinum.
- Norðurorka – aukin þjónustukaup og ófyrirséður kostnaður m.a. vegna erfiðrar tíðar. Afskriftir hækka vegna endurmats eigna í árslok 2018.

Breyting lífeyrisskuldbindinga í aðalsjóði var neikvæð um kr. 343,0 millj. á árinu samanborið við kr. 371,2 millj. skv. áætlun ársins. Ávöxtun eigna hjá Lífeyrissjóði starfsmanna Akureyrarbæjar var góð á árinu og hélt í við hækkun skuldbindinga sjóðsins. Nánar er fjallað um lífeyrisskuldbindingar á bls. 11 í skýrslunni.

Frávik frá áætlun (í þús kr.)	Rauntölur	Áætlun	Frávik	Frávik %
Skatttekjur	16.925.044	16.696.378	228.666	1,4%
Félagsþjónusta	(4.142.447)	(4.191.747)	49.300	-1,2%
Fræðslumál	(7.579.372)	(7.612.640)	33.268	-0,4%
Æskulýðs- og íþróttamál	(2.288.538)	(2.230.672)	(57.866)	2,6%
Samgöngumál	(1.073.983)	(999.355)	(74.628)	7,5%
Sameiginlegur kostnaður	(791.891)	(883.597)	91.706	-10,4%
Óreglulegir liðir	83.000	0	83.000	-
Fjármunatekjur (fjármagnsgjöld)	644.400	541.536	102.864	19,0%
Fasteignir Akureyrarbæjar	551.785	327.930	223.855	68,3%
Framkvæmdamiðstöð	(40.197)	4.486	(44.683)	-996,1%
Aðrir málafl. og stofnanir í aðalsjóði	(2.230.591)	(2.281.248)	50.657	-2,2%
A hluti samtals	57.210	(628.929)	686.139	-109,1%
Félagslegar íbúðir	17.605	(36.677)	54.282	-148,0%
Hafnasamlag Norðurlands b.s	226.080	277.279	(51.199)	-18,5%
Norðurorka hf.	347.548	403.915	(56.367)	-14,0%
Önnur B hluta fyrirtæki	(8.538)	(8.290)	(248)	3,0%
Millifærslur A og B hluta	(176.454)	(93.443)	(83.011)	88,8%
B hluti samtals	406.241	542.784	(136.543)	-25,2%
A og B hluti samtals	463.451	(86.145)	549.596	-638,0%

Ársreikningur sveitarfélagsins

Efnahagsreikningur (fjárh. í þús.)

	Sveitarsjóður A hluti		Samantekið A og B hluti	
	2019	2018	2019	2018
Fastafjármunir				
Viðskiptavild	0	0	39.786	53.810
Fasteignir og lóðir	23.669.394	22.464.455	26.979.597	25.414.380
Veitukerfi, hafnarmannvirki og götur	1.998.635	1.949.415	19.287.478	17.809.655
Vélar, áhöld og tæki	1.277.512	1.260.308	1.901.427	1.855.767
Leigðar eignir	166.894	212.651	166.894	212.651
Eignarhlutir í dóttur- og hlutd.	16.209	0	280.258	267.236
Eignarhlutir í öðrum félögum	668.167	485.909	715.421	768.510
Langtímakröfur	1.046.861	1.036.887	998.693	988.348
Fyrirframgreitt vegna lífeyrisskuldb.	1.210.835	1.259.216	1.210.835	1.259.216
	30.054.508	28.668.841	51.580.389	48.629.574
Veltufjármunir				
Birgðir	94.074	81.115	288.007	248.883
Óinnheimtar skatttekjur og kröfur	1.499.375	1.362.443	1.959.454	1.766.795
Næsta árs afb. af langtímakröfum	65.335	63.469	63.840	62.145
Fyrirframgreiddur kostnaður	48.381	48.381	48.381	48.381
Kröfur á eigin fyrirtæki og tengda	376.864	596.904	16.359	12.460
Aðrar skammtímakröfur	150.878	143.595	220.738	229.922
Markaðsverðbréf	567.649	0	580.516	414.669
Handbært fé	1.228.579	2.077.149	1.681.315	2.819.446
	4.031.134	4.373.055	4.858.609	5.602.702
Eignir samtals	**34.085.642**	**33.041.897**	**56.438.998**	**54.232.275**
Lykiltölur				
Veltufjárhlutfall	1,17	1,20	1,15	1,38
Heildareignir pr. íbúa	1.791	1.746	2.966	2.866

Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir A og B hluta hækka um kr. 3.089 millj. milli ára og nema samtals kr. 48.169 millj. í árslok 2019.

Fjárfestingar hjá Norðurorku í veitukerfum og öðrum eignum námu samtals kr. 2.177 millj. á árinu 2019.

Lóðir og lendur sveitarfélagsins voru endurmetnar á árinu byggt á hækkun lóðaleigutekna og nam endurmatshækkun þeirra kr. 1.176 millj.

Heildarfjárfesting samstæðunnar á árinu nam kr. 3.673 millj. en afskriftir námu kr. 1.818 millj.

Helstu fjárfestingar ársins voru:

- Fasteignir Akureyrar kr. 709 millj. í fasteignum og búnaði en þar af nam fjárfesting vegna Glerárskóla og íþróttahús Glerárskóla um kr. 425 millj.
- Eignasjóður kr. 238 millj. í götum og búnaði.
- Félagslegar íbúðir kr. 233 millj. í íbúðum.
- Hafnasamlag Norðurlands kr. 317 millj. í hafnarmannvirkjum og búnaði, þar af kr. 199 millj. vegna Tangabryggju (vív um áramót).
- Norðurorka hf. kr. 2.177 millj. í veitumannvirkjum, fasteignum og búnaði en þar af nam fjárfesting í hitaveitu kr. 996 millj. sem er að stórum hluta vegna Hjalteyrarlagnar og í fráveitu kr. 504 millj. en stór hluti af því er vegna nýrrar hreinsistöðvar.

Langtímakröfur og fyrirframgreiddur kostnaður

Undir langtímakröfur í efnahagsreikningi fellur krafa á ríkið að fjárhæð kr. 1.047 millj. vegna leigusamnings um hjúkrunarheimili við Vestursíðu en þessi staða færist niður á leigutíma eignarinnar.

Færð er upp krafa í efnahagsreikningi vegna uppgjörs við Brú lífeyrissjóð en framlög í lífeyrisaukasjóð gjaldfærast á 30 árum og framlög í varúðarsjóð á 20 árum. Meðhöndlun er í samræmi við álit frá reikningsskila- og upplýsinganefnd sveitarfélaga.

Ársreikningur sveitarfélagsins

Efnahagsreikningur (fjárh. í þús.)

	Sveitarsjóður A hluti		Samantekið A og B hluti	
	2019	**2018**	**2019**	**2018**
Eigið fé				
Eiginfjárreikningur	14.350.854	12.918.563	26.433.620	24.795.593
Langtímaskuldir og skuldbindingar				
Lífeyrisskuldbindingar	3.930.023	3.865.291	4.279.114	4.322.526
Tekjuskattsskuldbinding	0	0	653.583	635.531
Skuldir við lánastofnanir	12.047.447	12.216.768	20.537.652	20.038.285
Leiguskuldir	316.303	388.809	316.303	388.809
	16.293.773	16.470.868	25.786.652	25.385.151
Skammtímaskuldir				
Viðskiptaskuldir	644.710	674.377	1.020.478	922.598
Skuldir við lánastofnanir	0	0	20.013	0
Skuldir við eigin fyrirtæki	423.966	631.842	0	0
Næsta árs afborganir langtímaskulda	476.431	418.198	787.237	631.691
Næsta árs afborganir leiguskulda	82.891	76.805	82.891	76.805
Næsta árs afborganir lífeyrisskuldbindinga	141.949	179.771	154.558	201.036
Fyrirframinnheimtar tekjur	284.331	253.201	284.331	253.201
Aðrar skammtímaskuldir	1.386.737	1.418.271	1.869.219	1.966.199
	3.441.015	3.652.465	4.218.726	4.051.531
Skuldir samtals	**19.734.788**	**20.123.333**	**30.005.378**	**29.436.682**
Skuldir og eigið fé samtals	**34.085.642**	**33.041.897**	**56.438.998**	**54.232.275**
Lykiltölur				
Eiginfjárhlutfall	42%	39%	47%	46%
Skuldahlutfall skv. reglum um fjárh.viðm.	55%	59%	73%	75%
Eigið fé pr. íbúa	754	683	1.389	1.311
Skuldir og skuldbindingar pr. íbúa	1.037	1.064	1.577	1.556

Eiginfjárreikningur

Staða eiginfjárreiknings sveitarfélagsins í A og B hluta hækkar um kr. 1.638 millj. milli ára. Afkoma A og B hluta að fjárhæð kr. 464 millj. kemur til hækkunar á eigin fé en auk þess er færð beint á eiginfjárreikninginn færsla vegna endurmats á lóðum og lendum að fjárhæð kr. 1.176 millj.

Lífeyrisskuldbindingar

Lífeyrisskuldbindingar A og B hluta lækka um kr. 90 millj. milli ára. Greiðslur vegna lífeyrisskuldbindinga námu kr. 451 millj. en gjaldfærð hækkun kr. 361 millj. Nánari umfjöllun um lífeyrisskuldbindingar er á bls. 11 í skýrslunni.

Skuldir við lánastofnanir

Skuldir við lánastofnanir hækka um kr. 655 millj. milli ára hjá samstæðu A og B hluta ef teknar eru með næsta árs afborganir langtímaskulda. Á árinu 2019 voru tekin ný langtímalán að fjárhæð kr. 786 millj. hjá samstæðunni. Eina lántaka ársins var hjá Norðurorku til fjármögnunar framkvæmda. Á árinu nam afborgun af höfuðstól langtímaskulda kr. 643 millj. hjá samstæðu A og B hluta.

Skuldahlutfall

Skuldahlutfall samstæðu sveitarfélagsins sem reiknað er í samræmi við reglur um fjárhagsleg viðmið sveitarfélaga var 73% í árslok 2019 og lækkar það aðeins milli ára. Hjá A hlutanum er skuldahlutfallið 55% í árslok 2019 samanborið við 59% í ársbyrjun.

Reikningshaldslegt mat

Við gerð ársreikningsins þurfa stjórnendur að taka ákvarðanir, meta og gefa sér forsendur sem hafa áhrif á stöðu eigna, skulda, tekna og gjalda sem og upplýsingar í skýringum á reikningsskiladegi. Við matið er byggt á reynslu, þekkingu og fleiri þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll fyrir stöðu á bókfærðu verði eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Mat óinnheimtra skatttekna og annarra viðskiptakrafna

Mat viðskiptakrafna sveitarfélagsins var yfirfarið.

Niðurfærsla óinnheimtra skatttekna og viðskiptakrafna í árslok 2019 hjá A-hluta nam kr. 371,4 millj. sem er 19,9% af útistandandi kröfum, samanborið við kr. 402,9 millj. og 22,8% í ársbyrjun. Niðurfærsla hjá A og B-hluta nam kr. 396,0 millj. samanborið við kr. 439,0 millj. í ársbyrjun.

Stærstur hluti niðurfærslunnar er vegna útistandandi útsvarsskulda eða kr. 346,6 millj. í árslok 2019 samanborið við kr. 368,1 millj. í ársbyrjun. Lækkun á niðurfærslu krafna er því að stórum hluta vegna þess að betur hefur gengið að innheimta eldri útsvarsskuldir. Útistandandi útsvarsskuldir sem eru orðnar eldri en frá árinu 2015 eru færðar að fullu niður og ef heildin er tekin þá eru útistandandi útsvarstekjur færðar niður um 80,9% í árslok 2019. Við höfum einnig farið yfir niðurfærslu annarra krafna en innheimta hefur almennt gengið vel hjá sveitarfélaginu undanfarin ár. Á árinu voru endanlega færðar út kröfur að fjárhæð kr. 12,1 millj. hjá A- og B hluta samanborið við kr. 28,1 millj. árið áður.

Niðurstaða

Við teljum að mat viðskiptakrafna í árslok 2019 sé í samræmi við reikningsskilareglur og matsaðferðir í fyrri uppgjörum.

Óinnheimtar skatttekjur og viðskiptakröfur

A hluti (í þús. kr.)	**2019**	**2018**
Viðskiptakröfur	1.870.751	1.765.353
Niðurfærsla krafna	(371.376)	(402.910)
Viðskiptakröfur nettó	1.499.375	1.362.443
Niðurfærsla í %	19,9%	22,8%

A- og B hluti (í þús. kr.)	**2019**	**2018**
Viðskiptakröfur	2.355.438	2.205.819
Niðurfærsla krafna	(395.984)	(439.024)
Viðskiptakröfur nettó	1.959.454	1.766.795
Niðurfærsla í %	16,8%	19,9%

Reikningshaldslegt mat

Við gerð ársreikningsins þurfa stjórnendur að taka ákvarðanir, meta og gefa sér forsendur sem hafa áhrif á stöðu eigna, skulda, tekna og gjalda sem og upplýsingar í skýringum á reikningsskiladegi. Við matið er byggt á reynslu, þekkingu og fleiri þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll fyrir stöðu á bókfærðu verði eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Mat eignarhluta í félögum

Mat á eignarhlutum sveitarfélagsins var yfirfarið.

Bókfært verð eignarhluta í félögum var kr. 995,7 millj. í árslok 2019 eftir niðurfærslu en þá eru með talin hlutdeildarfélög. Færð var hlutdeild í afkomu Norak ehf. og Tengis ehf. sem eru hlutdeildarfélög Norðurorku hf. og nam hlutdeildin kr. 25,3 millj. Eignarhlutirnir endurspegla hlutdeild samstæðunnar í eigin fé félaganna.

Stærsti einstaki eignarhlutur sveitarfélagsins er í Lánasjóði sveitarfélaga en skv. ársreikningi lánasjóðsins fyrir árið 2019 á sveitarfélagið um 5,49% eignarhlut. Hlutdeild sveitarfélagsins í eigin fé lánasjóðsins er kr. 1.003 millj. mv. ársreikning sjóðsins fyrir árið 2019 og er því líklega nokkuð vanmat á eignarhlutnum í bókum sveitarfélagsins. Engin skylda er á sveitarfélaginu að meta hlutinn í samræmi við eiginfjárstöðu sjóðsins.

Skoða þarf flokkun og mat á eignarhlutum sveitarfélagsins í hlutdeildarfélögum á árinu 2020.

Niðurfærsla á móti eignarhlutum í félögum nam kr. 312,2 millj. í árslok samanborið við kr. 253,6 millj. í ársbyrjun. Bætt var við niðurfærsluna á árinu vegna óvissu um virði á eignarhlut sveitarfélagsins í Greiðri leið ehf.

Hér til hliðar má sjá sundurliðun á bókfærðu verði eignarhluta í árslok.

Niðurstaða

Við teljum að eignarhlutir sveitarfélagsins séu í heild hæfilega metnir í árslok 2019.

	Bókfært verð	
Eignarhlutir í félögum (í þús. kr.)	**31.12 2019**	**31.12 2018**
Ambassador ehf.	5.526	0
Bjarg íbúðafélag, stofnframlag	18.974	18.974
Brynja hússjóður, stofnframlag	14.180	14.180
Dysnes ehf.	2.000	2.000
Flokkun Eyjafjörður ehf.	162.084	162.084
GPO ehf.	5.000	5.000
Greið leið ehf.	186.196	186.196
Hlíðarhryggur ehf.	2.000	2.000
Hrafnabjargavirkjun hf.	16.596	16.596
Íslensk orka ehf.	58.981	58.981
Landskerfi bókasafna hf.	4.079	4.079
Laxá hf.	29.369	29.369
Lánasjóður sveitarfélaga ohf.	485.909	485.909
Molta ehf.	25.000	25.000
NetOrka hf.	4.864	4.864
Norak ehf.	63.237	68.541
Norðurvegur ehf.	3.000	3.000
Orkey ehf.	17.010	17.010
Tengir hf.	200.812	182.487
Vaðlaböð ehf.	2.000	2.000
Þekkingarvörður ehf.	430	430
Vistorka ehf.	500	500
Aðrir eignarhlutir	120	120
Niðurfærsla eignarhluta	(312.189)	(253.575)
	995.679	1.035.746

Reikningshaldslegt mat

Við gerð ársreikningsins þurfa stjórnendur að taka ákvarðanir, meta og gefa sér forsendur sem hafa áhrif á stöðu eigna, skulda, tekna og gjalda sem og upplýsingar í skýringum á reikningsskiladegi. Við matið er byggt á reynslu, þekkingu og fleiri þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll fyrir stöðu á bókfærðu verði eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Lífeyrisskuldbindingar

Akureyrarbær er í bakábyrgð gagnvart öllum skuldbindingum Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar (LSA) samkvæmt samþykktum sjóðsins. Að mati stjórnenda Akureyrarbæjar bera aðrar stofnanir og fyrirtæki ábyrgð á hluta af skuldbindingum sjóðsins. Ekki hefur verið gengið frá formlegum samningum vegna ábyrgða annarra aðila á skuldbindingum sjóðsins en einkum er um að ræða opinbera aðila sem eru að greiða viðbótarframlög inn í sjóðinn.

Samkvæmt tryggingafræðilegu mati ársreikningi LSA fyrir árið 2019 námu áfallnar skuldbindingar sjóðsins kr. 19.234 millj. í árslok 2019 samanborið við kr. 18.953 millj. í ársbyrjun. Endurmetnar eignir sjóðsins námu kr. 11.312 millj. og voru því skuldir sjóðsins umfram eignir kr. 7.923 millj. í árslok 2019. Akureyrarbær færir kr. 4.260 millj. sem skuldbindingu vegna LSA í árslok og er því talið að kr. 3.664 millj. af skuldbindingum sjóðsins tilheyri öðrum en stærst þar er ríkið vegna FSA.

Til viðbótar við skuldbindingar vegna LSA er færð hjá sveitarfélaginu skuldbinding vegna Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins að fjárhæð kr. 174 millj. í árslok 2019.

Staða vegna uppgjörs á lífeyrisskuldbindingum við Brú lífeyrissjóð er færð upp sem krafa í ársreikningi sveitarfélagsins undir fyrirframgreiddum kostnaði, sem var bókfærð á kr. 1.259 millj. í árslok 2019. Greiðsla á skuldbindingunni var fjármögnuð með láni frá Lánasjóði sveitarfélaga en eftirstöðvar hennar skiptast í lífeyrisaukasjóð (kr. 1.142 millj. gjaldfært á 30 árum) og varúðarsjóð (kr. 117 millj. gjaldfært á 20 árum). Gerð er grein fyrir áhrifum samkomulagsins við Brú í skýringu nr. 20 í ársreikningi sveitarfélagsins.

Niðurstöður og helstu endurskoðunaraðgerðir

Við höfum fengið og yfirfarið upplýsingar um tryggingafræðilega stöðu Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar (LSA) og skiptingu á skuldbindingum sjóðsins. Farið var yfir tryggingafræðilega stöðu LSA með stjórnendum sjóðsins þar sem farið var yfir helstu breytingar í matinu og þær forsendur sem liggja að baki. Staðfest var hvaða aðilar eru að greiða viðbótariðgjöld inn í sjóðinn til þess að mæta skuldbindingum hans. Við settum einnig fram væntingar um stöðu skuldbindinganna í árslok og bárum saman við niðurstöður tryggingastærðfræðingsins.

Helstu niðurstöður yfirferðar hjá LSA eru eftirfarandi:

- Staða áfallinna skuldbindinga sjóðsins umfram eignir er neikvæð um 41,2% í árslok 2019 samanborið við 41,8% árið áður. Áfallnar skuldbindingar hækka um 281,5 millj. kr. eða 1,5% og nema skuldbindingar umfram eignir 7.922,8 millj. kr.
- Með framtíðarskuldbindingum er staða sjóðsins neikvæð um 41,9% samanborið við 42,6% árið áður.
- Nafnávöxtun sjóðsins var 9,6% á árinu 2019 en hækkun vísitölu auk 2% tryggingar var 4,0%. Vegna núvirðingar á eignum sjóðsins í matinu þá kemur töluverður frádráttur bæði á skuldabréf og skráð hlutabréf sem er mun hærri á árinu 2019 en árið áður. Þetta vegur töluvert á móti hækkun ávöxtunar á eignum sjóðsins.
- Raun launahækkanir hjá sjóðfélögum milli 2018 og 2019 eru hærri en á vísitölunni og hækkanir á skuldbindingum því meiri en uppreikningur útfrá vísitölu gefur til kynna.
- Forsendur eru að breytast en kominn er nýr reiknigrundvöllur fyrir lífslíkur sem hefur áhrif til hækkunar á skuldbindingum sjóðsins.

Við höfum einnig farið yfir flokkun, framsetningu og upplýsingar í skýringum í ársreikningi sveitarfélagsins og er það mat okkar að þar séu veittar viðeigandi upplýsingar í tengslum við lífeyrisskuldbindingar sveitarfélagsins.

Notkun reikningsskilaaðferða

Lóðir og lendur

Samkvæmt áliti frá reikningsskilanefnd sveitarfélaga skulu sveitarfélög meta lóðir og lendur sem þau hafa leigutekjur af og færa til eignar í efnahagsreikningi eignasjóðs. Lóðir og lendur eru færðar á gangvirði eða núvirði framtíðarleigutekna samkvæmt fyrirliggjandi leigusamningum sé það lægra. Lóðir og lendur eru endurmetnar með reglubundnum hætti og matsbreyting færð ef gangvirði hefur vikið verulega frá bókfærðu virði. Í árslok 2019 standa eignfærðar lóðir og lendur í kr. 10.519 millj. og hækka um kr. 1.176 millj. milli ára. Mat á lóðum og lendum er byggt á uppreikningi lóðaleigutekna. Lóðaleigutekjur sveitarfélagsins hækka nokkuð milli álagningar 2019 og 2020 og er uppreiknað mat þeirra að hækka um 12,6% milli ára. Miðað er við það að færð sé matsbreyting á lóðum og lendum ef uppreiknuð breyting er yfir 5%. Lóðir og lendur eru ekki afskrifaðar.

Endurmat veitukerfa og fasteigna Norðurorku hf.

Í árslok 2018 var framkvæmt sérstakt endurmat á veitukerfum og fasteignum Norðurorku. Við endurmatið voru viðkomandi eignaflokkar metnir til gangvirðis en gangvirði veitukerfa og fasteigna félagsins var ákvarðað útfrá afskrifuðu endurstofnsverði. Endurmat er fært til hækkunar á bókfærðu verði eigna og móti á sérstakan endurmatsreikning meðal eigin fjár að frádregnum tekjuskatti. Þá hækkuðu gjaldfærðar afskriftir í rekstrarreikningi 2019 mikið vegna endurmatsins en af afskriftum ársins að fjárhæð kr. 696,6 millj. (hjá móðurfélagi Norðurorku) voru kr. 293,5 millj. vegna endurmats.

Minnisblað var unnið vegna endurmats og virðisrýrnunar og er það mat stjórnenda félagsins að ekki séu sérstakar vísbendingar um virðisrýrnun og að ekki sé heldur ástæða til þess að endurmeta eignir nú. Við erum sammála því mati að litlar líkur séu á að eignir félagsins hafi orðið fyrir virðisrýrnun frá því að endurmat var framvæmt í árslok 2018. Einnig teljum við ekki þörf á endurmati eigna nú en mikilvægt er að farið sé yfir og lagt mat á helstu forsendur fyrir virðisrýrnun og endurmati árlega.

Fyrirframinnheimt gatnagerðargjöld

Færð er upp skuldbinding vegna fyrirframinnheimtra gatnagerðargjalda hjá sveitarfélaginu undir Eignasjóði gatna. Í árslok 2019 nam skuldbindingin kr. 284,3 millj. samanborið við kr. 253,2 millj. í ársbyrjun. Nokkuð var um lóðaúthlutanir og framkvæmdir á árinu 2019 sem skiluðu sveitarfélaginu tekjum í formi gatnagerðargjalda sem voru umfram eigin framkvæmdir við götur og því hækkar skuldbindingin. Haldið er utan um skuldbindinguna niður á einstök hverfi og mun skuldbindingin færast niður samhliða framkvæmdum við gatnagerð í viðkomandi hverfum á næstu árum.

Lífeyrisskuldbindingar

Áfallin lífeyrisskuldbinding er færð í ársreikninginn. Skuldbindingin felur í sér áætlaðan hlut sveitarfélagsins í áunnum lífeyrisréttindum sjóðfélaga í Lífeyrissjóði starfsmanna Akureyrarbæjar að fjárhæð kr. 4.260 millj. hjá A og B hluta. Auk þess hefur verið færð hjá A hluta skuldbinding vegna Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins að fjárhæð kr. 174 millj. kr. í árslok 2019.

Færð er upp krafa vegna fyrirframgreiðslna á lífeyrisskuldbindingum til Brúar Lífeyrissjóðs sbr. umfjöllun á bls. 11 í skýrslunni.

Mat á notkun reikningsskilaaðferða

Við höfum yfirfarið reikningsskilin með tilliti til laga um ársreikninga og annarra laga og reglna sem gilda um reikningsskil sveitarfélaga. Engin sérstök frávik komu fram við þá yfirferð.

Það er mat okkar að sveitarfélagið noti reikningsskilaaðferðir sem eru í samræmi við lög um ársreikninga, sveitarstjórnarlög, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga og aðrar settar reikningsskilareglur.

Niðurstöður yfirferðar á innra eftirliti

Eftirlitsumhverfi og innra eftirlit

Farið var yfir eftirlitsumhverfi sveitarfélagsins og lykilþætti í innra eftirliti. Viðhorf stjórnenda til innra eftirlits er að okkar mati jákvætt.

Farið var yfir ferlalýsingar fyrir alla helstu viðskiptaferla í starfsemi sveitarfélagsins með stjórnendum og lykilstarfsmönnum. Greindar voru helstu eftirlitsaðgerðir í ferlunum og framkvæmd þeirra metin. Heilt yfir eru litlar breytingar á helstu viðskiptaferlum sveitarfélagsins milli ára.

Aðfangaferli

Farið var yfir samþykktarferli á rekstrarkostnaði sveitarfélagsins. Rafrænt samþykktarferli er innbyggt í fjárhagskerfi sveitarfélagins og fer allur almennur kostnaður í gegnum það kerfi. Tekið var úrtak úr vöru og þjónustukaupum sveitarfélagsins og athugað hvort reikningar og önnur fylgiskjöl væru samþykkt af réttum aðila og hvort skráning væri í lagi. Engin frávik komu fram við yfirferðina og teljum við að samþykktarferlið sé virkt og vel upp sett.

Launaferli

Farið var yfir grunngögn vegna launavinnslu fyrir valin launatímabil innan ársins. Meðal annars var skoðað hvort til staða væru ráðningarsamningar og hvort samþykkt væri til staðar fyrir unnum tímum, öðrum greiðslum og launabreytingum. Einnig var farið yfir afstemmingar, skráningar og aðrar eftirlitsaðgerðir sem framkvæmdar eru hjá launadeildinni. Engin sérstök frávik komu fram við yfirferðina og teljum við að eftirlit í ferlinu sé virkt og vel upp sett.

Framkvæmdir og eignfærslur rekstrarfjármuna

Farið var yfir framkvæmdir ársins hjá sveitarfélaginu og meðal annars setinn fundur með stjórnendum þar sem ákvarðanir voru teknar um eignfærslu framkvæmda-kostnaðar á árinu 2019. Við yfirferð á fyrningaskýrslum sveitarfélagsins komu fram villur í eignakerfi sem að laga þarf á árinu 2020. Mismunir vegna þessa eru dregnir saman á bls. 14 í skýrslunni.

Tölvuumhverfi og eftirlit með fjárhagsupplýsingum

Farið var yfir tölvuumhverfi sveitarfélagsins, skoðuð lykilkerfi tengd fjárhags-upplýsingum og eftirlit í ferlinu metið.

Sveitarfélagið úthýsir rekstri tölvukerfa til Advania sem sjá um hýsingu og almenna tölvuþjónustu. Origo sjá svo um hýsingu og þjónustu við SAP fjárhagskerfi sveitarfélagsins. Þjónustusamningar eru til staðar við Advania og Origo sem taka á helstu þáttum í tengslum við hýsingu, afritun og öryggismál. Einnig eru til staðar reglur varðandi umgengni þjónustuaðila um SAP kerfið þar sem fjallað er um heimildir til breytinga á kerfinu og aðgangsmál. Á árinu 2019 var fyrirtækið Miracle fengið til þess að greina kostnað og rýna í stjórnun á upplýsingatæknimálum hjá sveitarfélaginu. Í skýrslu Miracle koma fram ábendingar um að þörf sé á sérstakri stöðu yfirmanns upplýsingatækni hjá sveitarfélaginu. Mikilvægt er að okkar mati að þetta verði skoðað vel til þess að hægt verði að auka yfirsýn og sjálfstæði sveitarfélagsins í þessum málum.

Farið var yfir aðgangsstýringar í SAP kerfinu og eftirlit með aðgangi notenda. Vel er haldið utan um aðgang starfsmanna að kerfinu og greindum við ekki sérstök frávik eða brotalamir í aðgreiningu starfa í tengslum við kerfin við yfirferð okkar.

Niðurstaða

Við höfum ekki greint verulega veikleika í aðgreiningu starfa hjá sveitarfélaginu. Yfirferðin kom almennt vel út og eru lykileftirlitsaðgerðir að okkar mati virkar.

Önnur mikilvæg atriði

Atburðir eftir reikningsskiladag – Covid-19

Mikil óvissa er nú í rekstri sveitarfélaga og fjölmargra fyrirtækja hér á landi vegna áhrifa Kórónaveirunnar Covid-19. Þessi mikla óvissa hefur og mun hafa umtalsverð áhrif á tekjur og útgjöld sveitarfélagsins. Óvissan er mjög mikil núna þegar Akureyrarbær er að klára ársreikning sinn og erfitt að áætla hversu mikil áhrif þetta mun hafa á ársreikning sveitarfélagsins fyrir árið 2020.

Ársreikningaskrá gaf í mars út yfirlýsingu á vef sínum þar sem mælst er til þess að félög fjalli sérstaklega um áhrif af Covid-19 á afkomu og stöðu viðkomandi félaga í skýrslu stjórnar. Í samræmi við það er settur fram eftirfarandi texti í skýrslu og áritun bæjarstjórnar og bæjarstjóra í uppgjörinu:

Mjög óvenjulegar aðstæður hafa nú skapast vegna Kórónaveirunnar Covid-19. Veruleg óvissa ríkir um áhrif faraldursins m.a. vegna óvissu um hve lengi hann mun vara. Vænta má að áhrif á rekstur sveitarfélagsins verði umtalsverð m.a. vegna lægri tekna og aukinna útgjalda.

Stjórnendur sveitarfélagsins vinna nú að því að greina möguleg áhrif af faraldrinum á rekstur sveitarfélagsins á árinu 2020. Ljóst er að áhrifin verða umtalsverð á bæði tekju- og kostnaðarhlið rekstrarins en óvissan er líklega mest í áhrifum á skatttekjur sveitarfélagsins. Að okkar mati ættu ekki að verða veruleg áhrif á eignamat hjá sveitarfélaginu en helst er að áhrif þar geti komið fram í gegnum frekari niðurfærslu á kröfum þar sem innheimta mun líklega ganga verr en áður og vanskil líklega aukast.

Staða sveitarfélagsins er ágæt, skuldahlutfall þess er gott og á sveitarfélagið því að geta vel staðið af sér tímabundið áfall sem þetta. Við teljum ekki ástæðu til þess að breyta áritun okkar á ársreikning samstæðunnar vegna þessa en teljum hins vegar mikilvægt að koma inn á þessi mál í skýrslunni.

Mikilvægismörk

Ákvörðun mikilvægismarka er mikilvægur hluti af ferli áhættumats og skipulagningar í endurskoðun skv. alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum. Mikilvægismörk eru bæði notuð við skipulagningu endurskoðunarinnar og við mat á áhrifum af óleiðréttum skekkjum sem hafa komið fram við endurskoðunina á reikningsskilin. Í samhengi mikilvægismarka eru upplýsingar í ársreikningi taldar mikilvægar ef þær eru taldar hafa áhrif á þær efnahagslegu ákvarðanir sem lesendur taka á grundvelli upplýsinga í ársreikningi. Við ákvörðun mikilvægismarka þurfum við því að beita faglegu mati með mögulega notendur reikningsskilanna í huga.

Heildar mikilvægismörk samstæðu A og B hluta voru skilgreind kr. 390,9 milljónir eða 1,5% af rekstrartekjum en við skilgreiningu á mörkunum var horft á meðaltal ársins 2018 og áætlunar fyrir árið 2019. Ákvörðun mikilvægismarkanna er byggð á þekkingu okkar á rekstri sveitarfélagsins og reynslu af sambærilegum verkefnum. Í samhengi við heildarmikilvægismörkin eru sett fram mörk fyrir óleiðréttar skekkjur sem voru skilgreind sem 5% af heildarmörkunum eða kr. 14,7 millj.

Við yfirferð á fyrningarskýrslum sveitarfélagsins komu fram villur í eignakerfinu sem að valda því að ákveðnar eignalínur í fyrningarskýrslum reikna afskrift ársins vitlaust. Þetta veldur því að eignir hjá eignasjóði eru ofmetnar um kr. 22 millj. í árslok 2019 og afskriftir ársins vantaldar um sömu fjárhæð. Skv. upplýsingum frá stjórnendum verður þetta leiðrétt í upphafi árs 2020.

Að öðru leyti eru ekki óleiðréttir mismunir eða skekkjur yfir framangreindum mörkum til staðar við lok endurskoðunarinnar, samkvæmt okkar vitneskju.

Staðfesting á óhæði

Við staðfestum hér með óhæði okkar gagnvart sveitarfélaginu. Okkur er ekki kunnugt um nein tengsl á milli Enor eða starfsmanna Enor og Akureyrarbæjar sem að okkar faglega mati gætu skert óhæði okkar sem endurskoðenda sveitarfélagsins.